

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Norðurströnd – strandsvæði milli Faxagötu og Laugarness.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. ágúst 2023, nýtt deiliskipulag fyrir Norðurströnd, strandsvæði milli Faxagötu og Laugarness. Með deiliskipulagstillögunni er verið að festa í sessi núverandi stíga, listaverk og áningarstaði við strandlengjuna, og tryggja að útsýni og sjónlinur frá svæðinu út á sundin og til fjalla haldist óskert. Þá er gert ráð fyrir að lagfæringar fari fram á sjóvarnargarðinum en í stað þess að garðurinn verði hækkaður er stefnt á að hann verði breikkaður út í sjó, þar sem þess er þörf, með sambærilegum hætti og nú þegar hefur verið gert við Eiðsgranda og Ánanaust. Auk þess eru bílastæði við Sólfarið lögð niður ásamt því að staðsettur er áningarstaður til móts við Kringlumýrabraut og hjólastígur sveigður í kringum hann m.a. til þess að bæta öryggi. Þá verði heimilt að koma fyrir íburðarminni lista-skreytingum sem falla vel að umhverfinu. Nýtt deiliskipulag yfirtekur og fellir úr gildi eldri deiliskipulagsáætlanir. Að öðru leyti er vísað til skilmálatexta á deiliskipulagsuppdraetti. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hlíðarendi – Hlíðarendi 14.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 21. desember 2023, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 14 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst að breyta hluta æfingasvæðis á náttúrugrasi í æfingasvæði á gervigrasi með tilheyrandi tæknibúnaði, sem er vestan Arnarhlíðar og Snorrabrautaráss. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breiðholt, hverfi 6.3, Efra-Breiðholt – Hraunberg 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. febrúar 2024, breytingu á hverfis skipulagi Breiðholts, hverfi 6.3, Efra-Breiðholt, vegna lóðarinnar nr. 5 við Hraunberg. Í breytingunni felst að skipta lóðinni upp í tvær jafn stórar lóðir og gera bílageymslu/vinnustofu að einbýlishúsi. Auk þess verða viðbyggingarmöguleikar 40 fm fyrir hvora lóð og tvö bílastæði á hvorri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes – Vallá.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 8. febrúar 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að fjölga stæðum fyrir fugla í húsunum í samræmi við kröfur um aðbúnað alifugla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Teigahverfi – Laugarnesvegur 41.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. mars 2024, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Laugarnesveg. Í breytingunni felst færsla á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kvosin – Kirkjustræti 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. mars 2024, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 4 við Kirkjustræti.

Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja anddyri við vesturhlið hússins og framlengja stigapall við aðalinngang til suðurs að nýrri inngangshurð sem bætt verður við á vesturhliðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skúlagötusvæði – Lindargata 14.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 10. apríl 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 14 við Lindargötu. Í breytingunni felst að heimilt verður að hækka húsið um eina hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. apríl 2024.*

**Björn Axelsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2024